

Hr. Jón Bjarnason sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík


Akureyri, 16. mars 2010

Efni: Hollustumerki á matvæli.

Neytendasamtökin sendu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra erindi, dagsett 17. mars 2008, og hvöttu til þess að Ísland tæki þátt í samnorrænu samstarfi sem þá fór fram í tengslum við hollustumerkið skráargatið. Því miður sýndu stjórnvöld þessu máli lítinn áhuga og ekkert varð af aðkomu Íslands. Neytendasamtökin furða sig á þessu áhugaleysi því það væri til mikilla hagsbóta fyrir neytendur ef hollustumerki væri að finna á íslenskum matvælum. Slíkt stendur nú neytendum til boða í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Neytendasamtökin óska eftir svari við því hvort stjórnvöld hyggist beita sér fyrir því að skráargatið verði tekið upp hér á landi. Ef stjórnvöld hafa engin áform um það vilja samtökin gjarnan heyra rökstuðninginn.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna


Brynhildur Pétursdóttir

Afrit sent heilbrigðisráðherra

Meðfylgjandi gögn: Bréf Neytendasamtakanna dagsett 17. mars 2008 og frétt af heimasíðu Neytendasamtakanna 16. mars 2010 „Skráargatið slær í gegn – Ísland ekki með“.